

Ed. 548. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Heimilt er þó að taka allt að 10% ársvexti, ef sjóðsstjórn telur óhjákvæmilegt. Lánstími skal að jafnaði vera fimm ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafði um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar síldi.